



# Námsáætlun

**FRAN1ff05 vorönn 2021**

**Kennari: Hulda Sif Birgisdóttir ([huldasif@fg.is](mailto:huldasif@fg.is))**

**Áfangalýsing:** Nemendur bæti markvisst við grunnþekkingu sína í tungumálinu og geti beitt því við æ fjölbreyttari aðstæður. Nemendur verði m.a. færir um að tala um nám og atvinnu, gefa ráð, vísa til vegar, lýsa fatnaði, bjarga sér í verslunum, lýsa áfangastöðum og ferðalögum og segja frá í þátíð á ýmsan hátt. Nemendur auka orðaforðakunnáttu sína með ýmiss konar lestri og lesa m.a. einfalda skáldsögu. Frásagnir í nútíð og þátíð eru æfðar munnlega og skriflega. Nemendur fá aukna innsýn í menningu frönskumælandi svæða

## Markmið:

**Þekkingarviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast **þekkingu** og skilning á:

- almennum orðaforða í samræmi við hæfni- og leikniviðmið áfangans
- öllum helstu reglum um framburð og hljómfall
- fleiri grunnatriðum málkerfisins
- menningu og þjóðfélagi frönskumælandi svæða á markvissari hátt en áður

**Leikniviðmið:** Nemandi skal hafa öðlast **leikni** í að:

- skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er fremur hægt og skýrt
- fylgja fyrirmælum á frönsku í kennslustundum
- skilja ýmiss konar einfalda texta sem fjalla um viðfangsefni áfangans og festa í sessi og auka orðaforða
- fylgja söguþræði í einföldum eða einfölduðum bókmenntatexta
- taka þátt í frekar einföldum samræðum um efni sem hann þekkir og hefur áhuga á og geta beitt kurteis- og málvenjum við hæfi
- halda stutta kynningu á undirbúnu efni
- beita helstu reglum um málnotkun
- beita viðeigandi námstækni í tungumálanáminu og nýta sér hjálpargögn á sjálfstæðan hátt
- nota sjálfstæð og viðeigandi vinnubrögð í tungumálanámi

**Hæfniviðmið:** Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ná aðalatriðum í einföldum frásögnum úr fjöl- og myndmiðlum ef efnið er kunnuglegt
- geta tekið þátt í samræðum í ákveðnum aðstæðum á sjálfstæðari hátt en áður
- segja frá eigin þekkingu, reynslu, áhugamálum, áformum, skoðunum og líðan í ræðu og riti
- afla sér upplýsinga upp á eigin spýtur úr textum um almennt efni
- greina aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum og draga ályktanir
- lesa skáldskap af hæfilegu þyngdarstigi og tjá sig um efni hans í ræðu og riti

## Kennslugögn:

- **Scénario 1, *Méthode de français* (lesbók og vinnubók).** Höf. Anne-Lyse Dubois og Martine Lerolle. Útg. Hachette, 2008.
- **À la recherche de Mariana.** Höf. Dominique Renaud, útg. CLE International, 2009.
- **Aukaefni frá kennara.**



Vika	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. feb.	<b>Nám og störf, borgir/bæir, boð og bönn (Leçons 11-12)</b> Náms- og starfsferill, að gefa ráð og skipanir, bærinn/vegvisun. - Sagnirnar <i>devoir</i> og <i>falloir</i> . - Boðháttur. - Orðaforði nám og störf, borgir/bæir og staðsetningar. - Neitanirnar <i>ne...plus</i> og <i>ne...jamais</i> . - Nálæg framtíð.		
02. 1.-5. mars		ALRM kynning	
03. 08-12. mars		Þemaverkefni 1	Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars	<b>Föt og tíska (Leçon 17)</b> Fatnaður, fatainnkaup og álit. - Orðaforði fatnaður, fylgihlutir, samskipti í verslunum. - Að gefa álit (SO. og LO.). - Atviksorðin <i>trop</i> og <i>assez</i> . - Andlagsfornöfn.	ALRM 1	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars		<b>Próf 1: 22. mars</b> ALRM 2	Miðannarmat
29. mars-6. apríl			Páskafrí
06. 07.-09. apríl	<b>Ferðalög (Leçon 15)</b> Að lýsa áfangastað og ferðalagi. - Þátíðin <i>imparfait</i> (kynning). - Álit í þátíð. - Veðurlýsingar í þátíð. - Orðaforði staðsetningar. - Fornafnið <i>y</i> .		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl		ALRM 3	
08. 19.-23. apríl		Þemaverkefni 2	Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl	<b>Þátíð, tilfinningar og líðan. (Leçons 13 et 16)</b> Frásagnir í þátíð. - Þátíðirnar <i>passé composé</i> og <i>imparfait</i> . - Tímaorð með þátíðum. - Tilvísunarfornöfn: <i>qui/que</i> og <i>où</i> . - Orðaforði tilfinningar og líðan.	ALRM 4	Námsmatsdagur 28. apríl
10. 03-07. maí		Þemaverkefni 3	
11. 10.-14. maí		<b>Próf 2: 10. maí</b>	Uppstigningardagur 13. maí (fim.)
12. 17.-18. maí		Munnlegt próf	

Almenn lokapróf eru 19. og 20. maí. Sjúkrapróf eru 21. maí.

### Námsmat:

- 15% Verkefni úr *À la recherche de Mariana* (ALRM, fjögur verkefni, 3-4% hvert\*)
- 30% Ýmis verkefni (skrifleg/munnleg/hlustun; þemaverkefni og tímaverkefni)
- 35% Tvö hlutapróf (1 x 15% og 1 x 20%)
- 20% Munnlegt próf

[Til að nemandi standist áfangann þarf meðaleinkunn hlutaprófanna tveggja og munnlegs prófs að vera a.m.k. 4,5 og lokaekinn þarf að vera a.m.k. 5. Til þess að áfanganum teljist lokið þarf nemandi að ljúka þessum þremur prófum.](#)

\*Efni skáldsögunnar er líka inni í Munnlegu prófi.



## Smiðja:

Smiðjur eru hugsaðar til þess að veita nemendum stuðning við verkefni annarinnar og við heimanám. Mælt er með að nemendur nýti smiðjur sérstaklega til þess að vinna að verkefnum úr skáldsögunni sem lesin verður á önninni.

## Athugið!

- Áætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.
- **Veikindi** ber að tilkynna samkvæmt skólareglum er finna má á vef FG.
- Ef nemendur **missa af prófi** er mögulegt að taka sjúkrapróf á næsta námsmatsdegi að því gefnu að nemandi sé með skráð veikindi eða leyfi í Innu á prófdeginum.
- Ekki er tekið við **verkefnum** eftir skiladag nema í mjög sérstökum tilvikum ef haft er samráð við kennara fyrirfram. Verkefnum skal skila á Innu nema annað sé tekið fram.
- Verði nemandi uppvís að svindli fær viðkomandi 0 í einkunn.
- **Vinnuframlag nemenda:** Vinna í 5 eininga áfanga samsvarar 90-120 klst. á önn sem þýðir að vinna fyrir utan kennslutíma ætti að vera um 3,5 klst. á viku að meðaltali.

## Orðabækur og sagnbeygingar:

[www.snara.is](http://www.snara.is) (frönsk-íslensk **orðabók**) **Ókeypis!**

[www.wordreference.com](http://www.wordreference.com) (ensk-frönsk/frönsk-ensk **orðabók/SAGNBeygingar**).

→ Hægt að hlusta á **framburð** á öllum orðum á wordreference.

[www.larousse.fr/dictionnaires/anglais-francais/](http://www.larousse.fr/dictionnaires/anglais-francais/) (ensk-frönsk, frönsk-ensk **orðabók** og frönsk-frönsk orðabók).

Larousse **sagnbeygingavefur:** [www.larousse.fr/conjugaison/](http://www.larousse.fr/conjugaison/)

## Ítarefni á netinu, öpp, myndefni o.s.frv.

<https://www.quizlet.com>

<https://www.netflix.com>

<http://www.tv5monde.com/>

→ Alþjóðleg **sjónvarpsstöð** á frönsku með ýmsu fræðsluefni.

<https://www.duolingo.com>

[https://www.lepointdufle.net/p/apprendre\\_le\\_francais.htm](https://www.lepointdufle.net/p/apprendre_le_francais.htm)

→ Vefur með **gagnvirkum æfingum** af ýmsum toga: